

REGLUGERÐ

129

19. sept.

um breyting á reglugerð nr. 83 11. ágúst 1947.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 11. gr. laga nr. 70 1947, svo og lögum nr. 37 1939 og lögum nr. 59 1940, er hér með sett eftirfarandi reglugerð:

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Bannað er að selja eða afhenda hvers konar trjávið, krossvið og hvers konar þilplötur, sement, steypa steina til veggjagerðar og steypustyrktarjárn, nema gegn leyfum, sem út eru gefin af viðskiptanefnd fjárhagsráðs, sbr. þó 6. gr.

2. gr.

Í stað orðanna „trjávið, krossvið og hvers konar þilplötum, sementi og steypustyrktarjárn“ í 8. gr. komi: skömmtuðum byggingarvörum.

3. gr.

Í stað orðanna „sementi, trjávið, krossvið og hvers konar þilplötum og steypustyrktarjárn“ í 9. gr. komi: skömmtuðum byggingarvörum.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Viðskiptamálaráðuneytið, 19. september 1947.

Emil Jónsson.

Jón Guðmundsson.

REGLUGERÐ

130

23. sept.

um vöruskömmun, takmörkun á sölu, dreifingu og afhendingu vara.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 70 5. júní 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit, sbr. lög nr. 37 12. júní 1939 og lög nr. 59 7. maí 1940, er hér með sett eftirfarandi reglugerð:

I. KAFLI

Um skömmunarskrifstofu ríkisins.

1. gr.

Viðskiptanefnd rekur sérstaka skrifstofu, er nefnist skömmunarskrifstofa ríkisins. Skal sú skrifstofa hafa með höndum allar þær framkvæmdir og eftirlit með vöruskömmun og öðrum takmörkunum á sölu, dreifingu og afhendingu vara, sem ákveðnar verða á hverjum tíma af viðskiptanefnd og fjárhagsráði í samráði við ríkisstjórnina.

Viðskiptanefnd ræður, í samráði við fjárhagsráð, forstjóra fyrir skömmunarskrifstofu ríkisins, og er hann skömmunarstjóri.

130 Skömmtunarstjóri skal hafa á hendi daglega stjórn og eftirlit skömmtunar-
23. sept. skrifstofunnar, og sjá um allar framkvæmdir í skömmtunarmálum, eftir þeim á-
kvörðunum og fyrirætlum, sem gefnar eru á hverjum tíma af viðskiptanefnd.
Skömmtunarstjóri hefur eftirlit með því að þeim reglum sé hlýtt, sem settar kunna
að vera um skömmtunarmál þau, er skömmtunarskrifstofan á að fjalla um.

2. gr.

Skömmtunarstjóri ræður starfsfólk skömmtunarskrifstofunnar í samráði við
viðskiptanefnd og fjárhagsráð.

II. KAFLI

Um skömmtunargögn.

3. gr.

Viðskiptanefnd ákveður í samráði við fjárhagsráð og ríkisstjórn hvaða vörur
skuli skammta á hverjum tíma og hve mikið af hverri. Sama gildir um hvers konar
takmarkanir, sem settar yrðu um sölu, dreifingu og afhendingu vara.

Ef upp ris ágreiningur um skilning á skömmtunarákvæðum, sker viðskipta-
nefnd úr.

Skömmtunarstjóri auglýsir ákvarðanir viðskiptanefndar í skömmtunarmálum,
sbr. 1. mgr. og verður sala og dreifing vara þeirra, sem ákveðið er að skammta,
háð ákvæðum þessarar reglugerðar frá þeim tíma, sem ákveðinn er í auglýsingu
skömmtunarstjóra.

Þeim aðilum, sem fjalla um ákvarðanir í skömmtunarmálum, er óheimilt að
skýra óviðkomandi frá nokkru, er þeir kynnu að verða áskynja, fyrr en eftir að
ákvarðanir hafa verið birtar almenningi af skömmtunarstjóra.

4. gr.

Skömmtunarskrifstofan lætur gera skömmtunarseðla, nægilega marga og fjöl-
breytta til þess að hægt sé á hverjum tíma að taka upp skömmtun á hvers konar
vörum með litlum fyrirvara. Skömmtunarstjóri ákveður gerð slíkra skömmtunarseðla
í samráði við viðskiptanefnd.

Skömmtunarskrifstofan annast um útsendingu á skömmtunarseðlum og öðrum
skömmtunargögnum, til þeirra, er úthlutunina eiga að annast til almennings, með
nægum fyrirvara til þess að slík gögn verði komin í hendur þeim áður en úthlutun
skömmtunarseðla skal hefjast.

5. gr.

Skömmtunarskrifstofunni og þeim, er úthlutun skömmtunarseðla annast, skal
skylt að gæta þeirra svo vel sem kostur er, og sjá um að þeir glattist ekki á neinn
hátt eða komist í hendur annarra en þeirra, sem við þeim eiga að taka við almenna
úthlutun.

6. gr.

Þeir, sem hafa með höndum úthlutun skömmtunarseðla til almennings, skulu
framkvæma hana á þann hátt, sem skömmtunarstjóri leggur fyrir. Skömmtunar-
stjóri getur krafizt þess, að hver einstaklingur, sem óskar að fá afhenta skömmtun-
unarseðla, geri fullnægjandi grein fyrir því hver hann sé, og færi jafnframt sönnur
á, að hann hafi ekki fengið umbeðna skömmtunarseðla afhenta áður annars staðar,
óski hann að fá afhenta skömmtunarseðla utan þess umdæmis, þar sem hann síðast
var skráður á manntal.

Skömmtunarseðla má ekki afhenda í stað þeirra, sem sagðir eru glataðir eða
ónýttir, nema fullgildar sönnur séu færðar á það, að rétt sé frá skýrt í því efni,
og að öðru leyti sé fullnægt þeim skilyrðum, sem skömmtunarstjóri kann að setja.

Skömmtunarstjóri skal setja þeim, er úthlutun skömmtunarseðla til almennings annast, skýrar reglur um það, hvernig úthlutun skömmtunarseðlanna skuli fara fram, og taka þá jafnframt fram hverra gagna skuli krafizt af einstaklingi, ef ágreiningur rís út af afhendingarsynjun þess er úthlutunina annast. Heimilt er að leita úrskurðar skömmtunarstjóra um slíkan ágreining, og er úrskurður hans fullnærúrskurður. 130
23. sept.

7. gr.

Bæjarstjórnir og hreppsnefndir, hver í sínu umdæmi, skulu hafa á hendi afhendingu skömmtunarseðla og annarra skömmtunargagna til almennings.

Trúnaðarmenn verðlagsstjóra hafa á hendi eftirlit með sölu og dreifingu skömmtunarvara og önnur skyld störf í þágu skömmtunarskrifstofunnar, eftir fyrirmælum skömmtunarstjóra. Á þeim stöðum, þar sem enginn trúnaðarmaður verðlagsstjóra er starfandi, er skömmtunarstjóra heimilt að skipa sérstaka trúnaðarmenn í samráði við viðskiptanefnd.

III. KAFLI

Um sölu og dreifingu skömmtunarvara.

8. gr.

Þeim, sem hafa með höndum tollafgreiðslu erlendra vara, er óheimilt að afgreiða til innflytjenda nokkra skömmtunarvöru, nema samkvæmt skriflegu leyfi skömmtunarskrifstofunnar. Skal slíkt leyfi endursendast skömmtunarskrifstofunni jafnskjótt og afhending vörunnar hefur farið fram, með áritun tollafgreiðslunnar um það, hvaða dag afhendingin hafi farið fram, og til hvaða númers í tollskránni varan teljist. Sama gildir um þá, er framleiða skömmtunarvörur innan lands, að þeir mega ekki afhenda neinum slíkar vörur nema með skriflegu leyfi skömmtunarskrifstofunnar, og ber þeim að endursenda skömmtunarskrifstofunni slíkt leyfi með áritun sinni um afhendingardag, sé ekki um afhendingu gegn skömmtunarreitum eða innkaupaleyfum að ræða. Skömmtunarstjóri getur sett nánari ákvæði um afhendingu skömmtunarvara til innflytjenda og frá framleiðendum slíkra vara innan lands.

9. gr.

Þeir aðilar, sem fá afhentar skömmtunarvörur frá innflytjanda eða framleiðanda innan lands, skulu afhenda honum reiti af gildandi skömmtunarseðlum eða aðrar löglegar innkaupaheimildir, til jafns við það verðmæti eða magn sem afhent er samkvæmt gildandi skömmtunarákvæðum. Innflytjanda eða framleiðanda skömmtunarvöru innan lands er óheimilt að afhenda frá sér nokkra skömmtunarvöru nema þessu ákvæði sé samtímis framfylgt, og er viðtakanda slíkrar vöru jafnframt óheimilt að veita henni viðtöku nema þessa ákvæðis sé einnig gætt.

10. gr.

Verzlanir, sem verzla með skömmtunarvörur, en eiga ekki nægar birgðir tiltekinnar skömmtunarvöru, þegar skömmtun hennar hefst, geta snúið sér til skömmtunarskrifstofunnar með beiðni um að fá fyrir fram innkaupsleyfi fyrir tilteknu magni tiltekinnar vöru. Er skömmtunarstjóra heimilt að ákveða um veitingu slíkra fyrirframinnkaupaleyfa, með það fyrir augum, að jafna vörubirgðirnar í verzlunum eftir því, sem þurfa þykir, vegna hagsmuna almennings.

Skömmtunarstjóri lætur gera sérstök eyðublöð undir slíkar umsóknir, og skal rita allar beiðnir um fyrir fram innkaupaleyfi á slík eyðublöð.

130

23. sept.

Engri verzlun, hvorki heildverzlun né smásöluverzlun eða iðnfyrirtæki, er heimilt að afhenda nokkra skömmtunarvöru, nema hún fái sér þá afhenta gildandi skömmtunarreiði eða aðrar löglegar innkaupaheimildir fyrir vörunni, samkvæmt gildandi skömmtunarákvæðum.

Innflytjendur og framleiðendur skömmtunarvara skulu afhenda skömmtunarskrifstofunni, hvenær sem skömmtunarstjóri krefst þess, og eigi síðar en 2. dag næsta mánaðar eftir að afhending skömmtunarvara hefur farið fram, alla þá reiti skömmtunarseðla og innkaupaleyfi, sem þeir hafa fengið í sambandi við afhendingu skömmtunarskrifstofunni skýrslu um afhendingu á skömmtunarvörum á umræddu tímabili, innflutning sinn eða framleiðslu, svo og birgðir, í því formi og á þeim eyðublöðum sem skömmtunarstjóri ákveður. Skömmtunarstjóri getur einnig sett reglur um það, hvernig flokka skuli og búa um skömmtunarreiði þá, sem sendast eiga skömmtunarskrifstofunni.

Reiti þá af skömmtunarseðlum, svo og aðrar innkaupaheimildir, sem skömmtunarskrifstofunni berast frá innflytjendum og framleiðendum skömmtunarvara, skal skömmtunarskrifstofan eyðileggja eftir að hafa sannprófað magn þeirra, svo fljótt sem því verður við komið, og á það tryggilegan hátt, að þessi gögn geti ekki komið í hendur viðkomandi manna, eftir að þeim hefur verið skilað til skömmtunarskrifstofunnar.

12. gr.

Telji skömmtunarstjóri sig hafa rökstuddan grun um að einhver aðili, sem annast dreifingu skömmtunarvara, afhendi þær án þess að taka við gildandi skömmtunarreitum eða innkaupaheimildum, getur hann látið stöðva alla afhendingu skömmtunarvara til slíks aðila, þar til dómur er genginn í málinu, enda kæri skömmtunarstjóri slíkan aðila til viðkomandi dómara samtímis því að hann lætur stöðva afgreiðslu skömmtunarvara til hans.

Sama gildir og um það, ef seljandi skömmtunarvara veitir móttöku reitum af skömmtunarseðlum eða innkaupaheimildum, án þess að afhenda skömmtunarvörur til jafns við slíkar innkaupaheimildir.

Áður en skömmtunarstjóri lætur stöðva afhendingu skömmtunarvara samkvæmt þessari grein, skal hann leggja málið fyrir viðskiptanefnd, og fá samþykki hennar til þeirrar ráðstöfunar.

13. gr.

Skömmtunarskrifstofa ríkisins getur hvenær sem er, án dómsúrskurðar, rannsakað vörubirgðir heildsala og smásala. Skulu starfsmenn skrifstofunnar sjálfrar framkvæma slíkar birgðatalningar og talningu skömmtunarmiða, þar sem því verður við komið.

Sá, sem talningu vörubirgða framkvæmir, skal hafa meðferðis frá skömmtunarskrifstofunni skilríki, er sýni að hann hafi heimild til að framkvæma birgðakönnunina.

14. gr.

Iðnfyrirtæki, veitingahús og aðrir, sem líkt stendur á um, og þurfa á skömmtunarvörum að halda til starfsemi sinnar, geta sótt um úthlutun á skömmtunarvörum á þar til gerðum eyðublöðum, á tilteknu magni eða verðmæti tiltekinnar skömmtunarvöru. Skömmtunarstjóra er heimilt að veita slíkum aðilum innkaupaleyfi samkvæmt sérstökum reglum, sem viðskiptanefnd setur þar um, og skal í þeim reglum ákveðið, hvort eða að hve miklu leyti þessir aðilar skuli taka við skömmtunarreitum af viðskiptavinum sínum til endurgreiðslu á veittum innkaupaleyfum.

IV. KAFLI

15. gr.

Öllum þeim, sem hafa undir höndum skömmtunarvörur eða efni til framleiðslu skömmtunarvara, sem þeir framleiða sjálfir í atvinnuskyni, þó er heimilisiðnaður undanskilinn, skulu gefa skömmtunarskrifstofunni skýrslur um birgðir sínar af þessum vörum, á þeim tíma er skömmtunarstjóri krefst þess með venjulegum auglýsingum eða bréfum. Skömmtunarstjóri getur lagt svo fyrir að birgðaframtalið sé gert á þar til gerð eyðublöð eða að birgðaframtalið sé sent í símskeytum, eða á annan hátt, eftir því sem honum þykir við þurfa. Ef einhver aðili vanrækir að gefa slíkar birgðaskýrslur, eða dregur að koma þeim í hendur skömmtunarskrifstofunni, getur skömmtunarstjóri látið stöðva alla afgreiðslu á skömmtunarvörum til hans, unz ákvæði þessu er fullnægt.

Á sama hátt og með sömu viðurlögum, getur skömmtunarstjóri krafizt þess að skömmtunarskrifstofunni séu gefnar skýrslur um framleiðslu skömmtunarvara innanlands, áætlaðar þarfir fyrir skömmtunarvörur eða efni í þær, svo og hvað annað er ætla má að orðið geti til leiðbeininga eða upplýsinga í sambandi við fyrirhugaðar ákvarðanir í skömmtunarmálum eða ákvarðanir um innflutning vara frá útlöndum.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

16. gr.

Skömmtunarstjóra, starfsmönnum skömmtunarskrifstofunnar, svo og þeim öðrum, sem á einhvern hátt starfa við vöruskömmtun, er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá þeim atriðum, er þeir verða áskynja um af skýrslum þeim, sem látnar eru í té, að því leyti, sem þau varða einstaka menn eða einstök fyrirtæki.

17. gr.

Skömmtunarstjóri getur veitt undanþágu frá ákvæðum reglugerðar þessarar, ef sérstaklega stendur á, enda komi samþykki viðskiptanefndar til.

18. gr.

Hver sá, er vanrækir að láta skömmtunarskrifstofunni, eða starfsmönnum þeim, sem skömmtunarstjóri til þess setur, í té skýrslur þær, sem honum er skylt að gefa samkvæmt reglugerð þessari, skal sæta 20—200 kr. dagsektum. Má ákveða þær með ábyrgðarbréfi til hlutaðeiganda.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar, og reglum settum samkvæmt þeim, varða sektum allt að 200 þús. kr. Ef miklar sakir eru eða ef brot er ítrekað, má svipta sökunaut atvinnurétti um stundarsakir eða fyrir fullt og allt. Upptaka eigna samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga skal og heimil vera.

Kosnaður við rekstur skömmtunarskrifstofunnar og allar framkvæmdir hennar í skömmtunarmálum, greiðist af viðskiptanefnd.

19. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi, og er þá úr gildi felld reglugerð nr. 159 frá 18. sept. 1940, svo og önnur ákvæði reglugerða, er kunna að fara í bága við reglu-

130

23. sept.

130 gerð þessa. Jafnframt falla úr gildi frá og með 1. okt. n. k. reglugerð nr. 84 17. ág. 23. sept. 1947 og reglugerð nr. 85 13. ág. 1947.

Viðskiptamálaráðuneytið, 23. september 1947.

Emil Jónsson.

Jón Guðmundsson.

131

23. sept.

REGLUGERÐ

um sölu og afhendingu benzíns og takmörkun á akstri bifreiða.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 70 5. júní 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit, sbr. lög nr. 37 12. júní 1939 og lög nr. 59 7. maí 1940, er hér með sett eftirfarandi reglugerð:

1. gr.

Heildsölum og smásölum er bannað að láta úti benzín með öðrum hætti en ákveðið er í reglugerð þessari.

Allir þeir, sem eiga eða hafa undir höndum benzínbirgðir fram yfir það, sem er á geymum farartækja, eru skyldir, að viðlögðum drengskap, að tilkynna lög-
reglustjóra strax eftir að reglugerð þessi gengur í gildi, hversu miklar slíkar benzínbirgðir þeirra eru þá, og hvar þær eru geymdar. Lögreglustjórar tilkynna síðan skömmtunarskrifstofu ríkisins niðurstöðutölur um benzínbirgðir.

2. gr.

Bannað er að afhenda benzín til annarrar notkunar en bifreiðaaksturs, nema eftir reglum, sem viðskiptanefnd setur.

3. gr.

Eftir að reglugerð þessi er gengin í gildi, er eigendum og umráðamönnum benzínbirgða óheimilt að selja, láta úti eða að taka til eigin nota nokkurt benzín til bifreiðaaksturs eða annarrar notkunar fram yfir þann skammt, sem ákveðinn verður með auglýsingu skömmtunarstjóra fyrir byrjun hvers skömmtunartímabils, og aðeins gegn afhendingu skömmtunarmiða.

Skömmtunarstjóri auglýsir ákvörðun viðskiptanefndar um, hversu langt hvert skömmtunartímabil skuli vera, svo og hve mikill benzínsskammtur skuli vera á hverjum tíma fyrir hvern flokk bifreiða.

Skammtur verður mismunandi hér fyrir strætisvagna, almenningsbifreiðar og aðrar leigubifreiðar til mannflutninga, mjólkurflutningabifreiðar, einkabifreiðar, vörubifreiðar, læknaþifreiðar, smávörubifreiðar og bifhjól.

Leigubifreiðar til mannflutninga teljast hér þær bifreiðar, sem hinn 1. júlí 1947 voru skrásettar og tryggðar sem leigubifreiðar, eða sem síðar fá viðurkenningu samgöngumálaráðuneytisins sem leigubifreiðar.

4. gr.

Ekki má, nema með leyfi lögreglustjóra, eftir reglum sem skömmtunarstjóri setur, afhenda í einu meira benzín en það, sem nægir til að fylla benzíngeyma bifreiðar eða bifhjóls þess, sem benzínið tekur, og má ekki tæma benzíngeyma þeirra